

Landvarsla á Látrabjargi og nágrenni sumarið 2014



UMHVERFISSTOFNUN

Starfsemi Umhverfisstofnunar á Látrabjargssvæðinu sumarið 2014

Ferðamönnum hélt áfram að fjölga á Látrabjargssvæðinu í sumar og mest var álagið á Bjargtöngum eins og undanfarin ár. Sumarið var fremur blautt og kalt og mjög djúp lægð gekk yfir landið í byrjun júlí. Göngustígar á bjarginu eru í svipuðu ástandi og undanfarin tvö ár, þó hefur álag á hluta þeirra aukist talsvert og nær nú lengra upp eftir bjarginu. Bílaumferð var áberandi meiri en árið á undan og er nú farin að valda talsvert miklu ónæði í byggðinni á Látrum og illa hefur gengið að hægja á hraðanum þar þrátt fyrir hraðatakmarkanir. Rykmengun er mikil þegar þurrt er og vegir þarfnast tíðara viðhalds en gengur og gerist vegna aukinnar umferðar. Stórum rútum hefur einnig fjölgað talsvert og gera þarf ráðstafanir varðandi það á bílastæðinu á Bjargtöngum. Næturgestum á Brunnnum fjölgaði talsvert í ár.



Landverðir sumarið 2014.

Umgengni á svæðinu var almennt góð með einstaka undantekningum. Landvörður þurfti að hafa afskipti af einstaka gestum sem freistuðu þessa að hafa næturdvöl utan tjaldsvæða og vísaði þeim á næsta tjaldsvæði. Einnig kom það fyrir að tjaldgestir kveiktu eld á tjaldsvæðinu eða grilluðu á einnota grillum sem skilur eftir sig sviðna jörð. Salerni á Brunnnum voru að þessu sinni ekki í umsjón landvarða, en þegar landvörður var á svæðinu hafði hann eftirlit með þeim og þreif eftir þörfum. Einstaka gestir voru staðnir að því að aka utan vegar og minnti landvörður gesti á að lögum samkvæmt er akstur utan vega bannaður á Íslandi. Engar varanlegar skemmdir urðu af þeim sökum að þessu sinni. Sótt var um styrki til Vegagerðarinnar til að laga veg á kafla í Keflavík. Styrkurinn var ekki hár en dugði til að laga veginn á kafla þar sem hann var verstur. Í fyrra sumar var sett upp skilti fyrir ofan Keflavík sem segir að vegurinn sé einungis fær jeppum. Með því hefur tekist að koma að mestu leiti fyrir það að litlir fólksbílar aki niður í víkina. Æskilegt væri að loka fyrir almenna umferð yfir Keflavíkurlá að sæluhúsinu og gera lítið bílastæði vestan megin við ána. Vegslóðinn austan megin þolir ekki mikla umferð og myndast oft mikil drulla þar.

Umgengni á svæðinu var almennt góð með einstaka undantekningum. Landvörður þurfti að hafa afskipti af einstaka gestum sem freistuðu þessa að hafa næturdvöl utan tjaldsvæða og vísaði þeim á næsta tjaldsvæði. Einnig kom það fyrir að tjaldgestir kveiktu eld á tjaldsvæðinu eða grilluðu á einnota grillum sem skilur eftir sig sviðna jörð. Salerni á Brunnnum voru að þessu sinni ekki í umsjón landvarða, en þegar landvörður var á svæðinu hafði hann eftirlit með þeim og þreif eftir þörfum. Einstaka gestir voru



Viðgerð á vegi í Keflavík.



Á Bjargtöngum í byrjun sumars.

Í sumar var niðurskurður í landvörslu á landsvísu og kom það niður á landvörslu á Látrabjargssvæðinu. Landvarsla var mun minni en undanfarin tvö sumur á Látrabjargi en Hákon Ásgeirsson starfsmaður Umhverfisstofnunar á Patreksfirði sá að mestu leiti um

landvörslu þar. Dagný Bryndís Sigurjónsdóttir sem starfaði sem landvörður á svæðinu sumarið 2013 var nú landvörður í Vatnsfirði, Dynjanda og Surtarbrandsgili og eftir föngum á Látrabjargi. Æskilegt væri a.m.k. einn landvörður væri í fullu starfi á Látrabjargssvæðinu.

Landvarsla



Landvörður eyddi mestum tíma á Bjargtöngum og lagði áherslu á að vera sýnilegur, spjalla við gesti svæðisins, veita upplýsingar og fræðslu um svæðið og sjá til þess að reglur væru virtar, t.a.m. að gestir fari ekki inn fyrir hvítu línuna við bjargbrúnina. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós hversu mikilvægt það er að afmarka svæði við bjargbrúnina bæði til að draga úr slyshættu og ágangi á varpsvæði lundans.

Bílastæði á Bjargtöngum var á stundum yfirfullt og hafði landvörður einstaka sinnum afskipti af gestum sem lögðu bílum sínum utan vega. Rútur áttu stundum í basli með að snúa við á stæði vegna fjölda bíla. Áningaborð á svæðinu voru olúborin.

Hvíta línun máluð.

Sett var upp nýtt viðvörðunarskilti við bjargbrúnina með texta á ensku og íslensku. Í lok sumars fór landvörður með jarðverkfræðingi sem gerði úttekt á hrunhættu úr bjargbrúninni frá vita og upp fyrir Ritugjá á Bjargtöngum. Útkoma úr þeirri úttekt verður notuð til að stýra umferð við bjargbrúnina og takmarka umferð þar sem talin er hætta á að hrunið geti úr brúninni, m.a. með því að afmarka svæðin með hvítri línu.



Viðvörðunarskilti á Bjargtöngum.



Þéttskipað bílastæði.

Í Geldingsskorardal var hringleið frá bílastæði betur merkt með því að bæta við stikum og mála þær sem fyrir voru. Einnig var bætt við stikum á gönguleið sem sveigir frá bjargbrún við Djúpadal og eldri stikur voru málaðar. Gestir sem gengu um þetta svæði í sumar komu að máli við landvörð og tjáðu honum að stikuð gönguleiðin hafi hjálpað þeim að rata til baka á bílastæði eftir að þoka skall skyndilega á og sást vart handanna skil.

Landvörður fór í eftirlit á Rauðasand 3-4 í mánuði, en þar hefur umferð einnig aukist mikið. Gönguleið frá tjaldsvæði á Melanesi í Skor var stikuð í samstarfi við ábúendur, en göngufólki þar hefur fjölgað mikið og margir sem átta sig ekki á hvar gönguleiðin liggur.



Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða.

Örfáir ungar sem komust á legg í Ritugjá. Útlitið var betra hjá svartfuglinum, nema erfitt er að átta sig á viðkomu lundans. Ekki var mikið vart við að lundinn bæri fæðu í holurnar og ekki sá landvörður til nema einnar pisju í lok sumars. Fýllinn aftur á móti plumaði sig vel og virðist sem hann hafi komið mörgum ungum á legg.

Samstarf Náttúrustofu Vestfjarða og landvarða var með sama móti og undanfarin sumur. Rítar sem festir voru á nokkrar ritur í Ritugjá síðasta sumar voru endurheimtir, en þeir eiga að segja til um farleiðir ritunnar á veturna. Þá voru rítar endurheimtir af nokkrum svartfuglum sem voru einnig fest á þá í fyrra sumar. Ekki náðist að handsama alla merkta fugla. Landvörður fylgdist með varpi í Ritugjá sem fór vel af stað. En um mitt sumar fóru ungar að drepast hjá ritunni og misfórst varp að mestu leiti og ekki nema

Störf með sjálfbóðaliðum

Fimm sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar unnu í 10 daga á Látrabjargssvæðinu og voru með aðsetur í Breiðavík 23. júní til 4. júlí. Á Bjargtöngum voru gerðar steintröppur neðan við Smáhamrana, en þar var grassvörðurinn farinn að láta mikið á sjá vegna fjölda fólks sem gengur þar um. Bætt var við steinhellum við vitann á Bjargtöngum en þar var grassvörðurinn einnig illa farinn.



Tröppugerð á Bjargtöngum.



Steinhellur lagðar við Bjargtangarvita.

Í Geldingsskorardal unnu sjálfbóðaliðar áfram í göngustíg sem liggur frá bílastæði út að bjargbrún. Efni sem vegagerðin hefur malað var notuð með þeirra leifi og borið í stíginn. Stefnt er á að halda þessu verkefni áfram næsta sumar. Einnig var haldið áfram að græða upp gamla göngustíginn með mosa, sem var lagður af fyrir tveimur árum.



Göngustígur í Geldingssskorardal.



Sjálfbóðaliðar á Bjargtöngum.

Í Breiðavík var haldið áfram árlegu verkefni í að uppræta lúpínu sem er þar fyrir ofan kirkjuna. Hluti af plöntunum vour fjarlægðar með rótum og blóm tekin af öðrum til að koma í veg fyrir að plönturnar þroski fræ og fjölgi sér. Þessu verkefni verður framhaldið á næsta ári. Mjög slæmt veður var seinni vikuna sem sjálfbóðaliðarnir voru á svæðinu og þurftu þeir að pakka saman tjöldum og fengu húsaskjól í Breiðavík. Veðrið raskaði að hluta skipulagi verkefna og var með öllu ófært að vinna á Bjargtöngum í a.m.k. 3 daga, en úr því var bætt með því að fá sjálfbóðaliða sem voru að vinna í Vatnsfirði til að vinna 2 daga á Bjargtöngum og klár þau verkefni sem áætlað var.

Lokaorð

Æskilegt væri að auka landvörslu á Látrabjargssvæðinu þar sem ferðamönnum þar fjölgar gríðarlega hratt. Bæði er það mikilvægt til að auka öryggi, að fylgst sé með að gestir fylgi reglum og gangi vel um svæðið og að auki til að veita upplýsingar og fræða fólk um svæðið. Markaðssetning Vestfjarða og þar með talið Látrabjargssvæðið fyrir erlenda ferðamenn hefur aldrei verið meiri eins og undanfarin ár og hlutfallsleg fjölgun ferðamanna á landinu var mest á Vestfjörðum á síðasta ári samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu. Það er því mikilvægt að koma á áætlun um verndun svæðisins í samstarfi við landeigendur sem fyrst áður en átroðningur verður meiri en nú er. Innviðir sem eru á svæðinu í dag (bílastæði, salerni, skilti, vegir og landvarsla) duga ekki til að taka á móti þessu fjölda ferðamanna.